


Af konum

Í Sumarblús eftir Friðu Á. Sigurðardóttur eru sex smásögur sem fjalla um kvenmenn á ýmsum aldri, allt frá utangátta telpukornum til eldri kvenna sem muna tímana tvenna. Sögurnar minna um margt á hina margverðlaunuðu skáldsögu Friðu, Meðan nóttin liður. Sú bók hefur einnig að meginefni líf kvenna, lætur lítið yfir sér en geymir margbrotinn boðskap sem verður skarpari eftir hvern lestur.




Í hverri sögu tekur Friða fyrir það sem við köllum „hversdagsleika“ og kunnum sjaldnast að meta. Það eru reyndar stór mistök því í honum búa einmitt stærstu undrin en því miður einnig mestu hrollvekjurnar. Þessu tvönnu vefur Friða saman af kunnáttu þess sem greinilega hefur kynnst ýmsum kimum hversdagsleikans, bæði björtum og svörtum.

Í fyrstu sögunni „Heimsókn“ segir af ungru konu sem fer inn úr sólinni til að heimsækja gamla konu á elliheimili. Þar mætast ungdómur og elli, líf og dauði, gleði og sorg, von og ótti – í raun og veru allar þær andstæður sem felast í lífinu. Í stuttari sögu færir höfundur lesendum sínum á nærgættinu en um leið tregablandinn máta þann boðskap að það sé gott að vera ungur en einnig gott að fá að eldast – ef umhverfið er rétt!

Bókmenntir

„Sumardagur“ segir af konu á miðjum aldri sem fær sér skreppitúr út í sumaríð. Hana langar að flýja vinnuna um stundarsakir og fyrr en varir hefur hún runnið saman við náttúruna, finnur „gamla“ slenið renna af sér og langar að fljúga. Hér leikur náttúran stórt hlutverk, lítir hennar og lykt og lesandinn finnur ilm af vori og langar einnig að fljúga.

Í „Fjallinu“ og „Leitinni“ ferðast höfundur með lesendur inn í hugarheim tveggja telpna



Fríða Á. Sigurðardóttir rithöfundur

Gott ef ekki glittrir í þann boðskap að það sé konunnar verk að gæta konunnar.

sem eiga í erfiðri baráttu vegna þess að þær geta á engan hátt skilið heim hinna fullorönu. Þær eru hluti af þessum heimi en vegna þess hve

Fríða Á. Sigurðardóttir: Sumarblús. JPV-forlag 2000

ungar þær eru er unnt að blekkja þær, afvegaleiða og tæla. Eftir sitja þær uppfullar af undrun yfir feluleikjum og yfirdrepsskap fullorönnu sem ná í krafti þeirra „stóru“ að vege svo um munar að sakleysi þeirra og trausti. Sársaukinn er drifkraftur þessara sagna og þó stóru orðin séu spóruð skynjar lesandinn í gegnum ósögð orð miskunnarleysi fullorðinsheimsins og hve vont það getur verið að vera lítil manneskja í stórum heimi.

Sögurnar mynda ákveðna heild, því þótt þær fjalli um ólíkar konur á ólíkum aldri er varla annað hægt en lesa Sumarblús sem heildstæða lýsingu á lífi konunnar allt frá unga aldri til dauða. Ein kona verður aldrei aðskilin frá annarri þrátt fyrir uppruna, aldur og ólíka lífsreynslu. Í konunum býr hinn óljósi ugður um að þurfa ætíð að gæta sín, ætíð að vera á verði og gott ef ekki glittrir í þann boðskap að það sé konunnar verk að gæta konunnar.

Sigríður Albertsdóttir

Á eigin vegum

Þorsteinn Antonsson hefur sent frá sér greinasafnið Á eigin vegum þar sem komið er víða við. Í fyrsta greinaflokknum lýsir hann manngerðum sem líklegar eru til að leiða af sér vanda sem krefjast afskipta stofnana og sérfræðinga. Þetta eru jaðarhópar sem falla ekki að venjulegum félagsmunstrum og greinarnar spretta af starfi höfundar sem ráðgjafi um fjölskyldumál. Hér er rætt um misþroska, áunna ofvirkni, kaldlyndi, niðingá, alkohólísta, meðvirkni og fleira.



Annar flokkurinn fjallar um fjölskyldulíf og er kominn til af starfi Þorsteins í Félagi ábyrgra fedra. Þessar greinar lítur hann á sem mótvægi við kvenréttindumræðuna og fjallar þar um karlmennsku, feðramál og skilnaði í ljósi þróunar í fjölskyldumálum.

Þriðji og síðasti flokkurinn leitast að leiðum út úr kerfi fjármagns og vísindahyggu sem samkvæmt höfundi stýrir bókmenntamálefnum sem öðrum. Mælt er með frekari áherslu á frumleika og náðargáfur, persónulegt málfar og náttúrulegt siðgæði.

Sigurjón Þorbergsson gefur út.

Þegar orð fá vængi



Torfi Jónsson hefur valið og þýtt yfir 8000 tilvitnanir og spakmæli frá ýmsum tímum og gefið út í bókinni Þegar orð fá vængi. Hér má finna allt frá heimspekilegum vangaveltum um til-

gang lífsins til spaugilegra athugasemda um menn og málefni liðandi stundar.

Efninu er skipt í 24 kafla sem bera hver sína fyrirsögn, m.a. Um mig sjálfan, Um minn betri mann, Um vináttu, Um ástina, Listin að lífa, Sannleikur og lygi, Bókmenntir, Um listir og Um trú. Í þessu mikla bókaflóði miðu er rétt að grípa niður í bókmenntahlutanum. „Frumleiki er listin að dylja hver uppspretta er,“ sagði ókunnur höfundur, en Chateaubriand sagði: „Það er ekki frumlegur höfundur sem stælir engan, heldur sá sem enginn getur stælt.“ Svo má hafa eftir það sem breski rithöfundurinn Conolly sagði: „Bókmenntir byggjast á því að skrifa eitthvað sem verður lesið tvisvar, blaðamennska eitthvað sem skilst samstundis.“

Upplögð bók til að lesa hátt úr meðan legið er á meltaunni.

Heimilishandbókin

Heimilishandbókin ómissandi er komin út hjá Vöku-Helgafelli, urmull snjallra lausna á hverjum hugsanlegum

praktískum vanda sem upp kann að koma á venjulegu heimili. Hér eru gagnlegar leiðbeiningar meðal annars um þrif, viðgerðir, veisluhald, matseld, skyndihjál, blómarækt og blettahreinsun auk fjölda húsráða sem hafa gengið milli kynslóðanna. Skrá yfir atriðisorð í bókarklok auðveldar notkun bókarinnar.

Höfundurinn er Cassandra Kent. Ingrid Markan þýddi bókina en ritstjóri íslensku útgáfunnar var Sigríður Harðardóttir. Reynt hefur verið að laga bókina að íslenskum aðstæðum eins og kostur er.

Vinakvöld

Hið árlega Vinakvöld á aðventu Kóra Flensborgarskólans verður haldið í kvöld kl. 20 í Hásölum Hafnarfjarðarkirkju. Með kórnum koma fram hljóðfæraleikararnir Erla Þórólfsdóttir og Eyjólfur Eyjólfsson. Vinakvöldið er öllum opið og er aðgangur ókeypis. Stjórnandi kóranna er Hrafnhildur Blomsterberg.

Svavar Gestsson og sagan endalaus

Á morgun kl. 12.05 mun Svavar Gestsson sendiherra flytja erindi á hádegisfundum Sagnfræðingafélags Íslands í Norræna húsinu. Erindið nefnist „Sagan endalaus“. Allir velkomnir.



Myndlist

Ofar öllum skilningi

Mér segir svo hugur að löngu sé tímabært að hefja opinskáa umræðu um myndlist í íslenskum kirkjum. Í hverri kirkjunni á fætur annarri er verið að koma fyrir myndverkum hverra frásögn eða tákngildi megnar ekki að hreyfa við nokkurri sál. Í besta falli er þarna um að ræða dægilegar skreytingar gerðar að undirlagi kappsfullra sóknarnefnda sem sjá í þeim staðfestingu gróskumikils safnaðarstarfs.


Þetta er ekki séríslenskur vandi, heldur sameiginlegur með kristnum samfélögum á Vesturlöndum, en öfugt við okkar litla samfélag hafa þau gert sér grein fyrir vandanum og tekið hann til umfjöllunar.

Í hnotskurn er hægurinn sá að nútíminn er andsnúinn hinu frásagnarlega og táknræna. Eitt höfuðeinkenni hins „nútímalega“ (modernity) er einmitt að það sneiðir hjá algildum táknum og nákvæmum útlitunum hlutanna. Sjáum til dæmis það flóð síbreytilegra og forgengilegra upplýsinga, tákna og mynda sem upplýsingaþjóðfélagið dælir yfir okkur á hverjum degi, ekki síst þegar jólin nálgast. Kraftbirting kirkjunnar hefur hins vegar verið órjúfanlega bundin ákveðnum óumbreytanlegum táknum og skýrum myndlýsingum ritningarinnar. Hér er um ósættanlegar andstæður að ræða.

Myndlistin og óendanleikinn

Eina leiðin fyrir kirkjuna er að opna gáttir sínar fyrir myndlist sem ekki tákngerir eða segir frá, heldur nær að veita okkur ávæning af óendanleikanum og mikilfengleikanum, því sem heimspekingurinn Kant kenndi við upphafninguna, hið „súblíma“. Hér á ég við stórbrotna formlausa myndlist, opna í alla enda, sem ekki krefst skilnings heldur auðmýktar gagnvart því sem er ofar skilningi okkar. Slík myndlist hefur sig upp yfir hið daglega og forgengilega. Nokkur verk þessarar gerðar er að finna í kirkjum vestanhafs og austan, t.d. í svokallaðri Rothko-kapellu í Houston, Texas.

Auðvitað er þetta ekki vandi kirkjunnar einnar heldur einnig myndlistarmanna. Eitt af því áhugaverðasta við sýninguna Hærra til þín, sem nú stendur yfir í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar og Ásmundarsal, er hvernig ósamstæður hópur norræna listamanna frá ýmsum skeiðum aldarinnar fetar margs konar einstigi



Samuel Joensen-Mikines: Pietà (1950)

milli táknækinna frásagnar, þess sem við teljum okkur skynja og þekkja, og vitundarinnar um það sem er ofar öllum skilningi. Flestir þeirra eru á bandi frásagnarinnar, útlitunar á atburðum úr ritningunni sem þær reyna að færa nær okkur með vísan til samtímaatburða eða umræðu. Þetta á jafnt við um bókstaflega samtengingu Hönnu Ryggen á píslardauða Jesú og hetjudauða norskra andspyrnuhetja og mynd Svends Wiig Hansen af „hinu illa“ frá 1966, sem eflaust á sér rætur í lífseigri umræðu um stríðsglæpi nasista.

Þanþol kristilegrar frásagnar

Hér mætti einnig nefna til sögunnar mynd snillingsins Mikines af Kristi látnum í fangi lærisveina sinna (sjá mynd), og líkist hann engu frekar en sjóreknu líki á færeyskri sjávarströnd. En tengingin við samtímann er auðvitað á kostnað óendanleika og upphafningar.

Þeir sem mest reyna á þanþol hefðbundinnar kristilegrar frásagnar eru þeir Jakob Weidemann og íslensku myndhöggvararnir Ásmundur Sveinsson og Sigurjón Ólafsson. Þar hefur Weidemann sennilega vinninginn í verki sínu „Boka í Getsemane“, feiknstóru lérefti sem fullyrðir ekkert en vekur upp ótal hugrenningar og tilfinningar, ekki síst geig, við hverja skoðun. Óhlutbundin þrívíddarverk Ásmundar líða hins vegar fyrir næsta jarðbundin viðhorf listamannsins til hins trúarlega. Útleggingar hans eru tilbrigði um táknmál sem við þekkjum einum af vel; megnar því ekki að tæpa á hinu „ægilega óþekktu“. Á hinn bóginn er myndmál Sigurjóns ævinlega persónulegt, en of-

hlæði smáatriði í verkum hans dregur oflega úr heildrænum áhrifamætti þeirra.

Vonandi verður þessi áhrifaríka sýning til að vekja áhrifamenn, innan kirkju sem utan, til meðvitundar um þennan myndlistarvanda áður en hann verður að krísu. Gleðilega hátíð.

Aðalsteinn Ingólfsson

Sýningin Hærra til þín er framlag til Kristnihátíðar og Reykjavíkur menningarborgar. Hún stendur til 4. janúar 2001 í Ásmundarsafni og Listasafni Sigurjóns Ólafssonar.